4. kafli

# Friður, ekkert ofbeldi

Nokkrar spurningar:

| | JÁ | NEI |
|---|---|---|
| 1. Gætir þú sagt öðrum frá því hvert hlutverk Sameinuðu þjóðanna er? | ☐ | ☐ |
| 2. Myndir þú segja að þú búir í friðsælu landi? | ☐ | ☐ |
| 3. Hefur þú kynnt þér mannréttindasamtök eins og Amnesty International eða UNICEF? | ☐ | ☐ |
| 4. Hefur verið stríð í þínu landi á síðustu 50 árum? | ☐ | ☐ |
| 5. Myndir þú láta kennara vita ef þú veist að einhver er lagður í einelti í skólanum? | ☐ | ☐ |
| 6. ________________ | ☐ | ☐ |
| 7. ________________ | ☐ | ☐ |
| 8. ________________ | ☐ | ☐ |

## Þú – Hvað getur þú gert?

- Frætt þig um mannréttindasamtökin sem eru til staðar í þínu landi og jafnvel tekið þátt í starfinu
- Fengið fjölskyldu þína og vini til þess að ræða um mikilvægi friðar
- Búið til myndband um mikilvægi þess að geta sett sig í spor annarra

## Skólinn – Hvað getur skólinn gert?

- Frætt nemendur um frið og fengið þá til þess að vinna verkefni um mál staðinn
- Aðstoðað nemendur við að útbúa friðarsáttmála út frá því sem þeim finnst skipta máli til þess að friður ríki í skólanum
- Haldið sérstakan friðardag í skólanum þar sem nemendur fá fjölbreytta dagskrá um málefnið

## Stjórnvöld – Hvað geta stjórnvöld gert?

- Tekið virkan þátt í alþjóðastarfi Sameinuðu þjóðanna og þróunarsamvinnu
- Haft jafnræði og jafnrétti að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar
- Búið til velferðarkerfi sem styður við fólk hvort sem það er fátækt eða ríkt